

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS)

óska eftir að ráða

ráðgjafa/verkefnastjóra

Ráðgjafi veitir ráðgjöf á starfssvæði SASS sem nær frá Ölfusi í vestri að Hornafirði í austri. Hann vinnur að fjölbreyttum verkefnum og að stefnumótun á sviði byggðapróunar og nýsköpunar á Suðurlandi. Lögð er áhersla á gæði og vönduð vinnubrögð við úrlausn verkefna og er unnið í nánú samstarfi við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög, opinbera aðila og erlenda aðila á sviði byggðapróunar.

SASS veitir margþætta ráðgjöf og aðstoð frumkvöðlum, fyrirtækjum, rekstraraðilum og sveitarfélögum á starfssvæði samtakanna. Þjónustan felst m.a. í aðstoð við gerð rekstrar- og viðskiptaáætlana og styrkumsókna, verkefnastjórnun, auk þess að kanna leiðir og möguleika til hagræðingar, þróunar eða vaxtar í rekstri.

Starfssvið

- Samstarf með fyrirtækjum, einstaklingum og sveitarfélögum um byggðapróun og nýsköpun á starfssvæðinu.
- Viðskipta- og rekstrarráðgjöf.
- Aðstoð við fjármögnun verkefna, s.s. með gerð styrkumsókna.
- Stefnumótun á sviði byggðapróunar á Suðurlandi.
- Verkefnastjórnun.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórn/ráðgjöf æskileg.
- Þekking, skilningur og reynsla af atvinnu- og/eða byggðamálum mikilvæg.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvufærni og hæfni í tjáningu í ræðu og riti.
- Frumkvæði, sjálfstæði, framsýni og metnaður.

Ráðgjafi hefur búsetu og starfsaðstöðu á Höfn í Hornafirði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 22. september 2015 og skal senda umsóknir með starfsferilsskrá og kynningarbréfi á netfangið bjarni@sudurland.is merkt: „Ráðgjafi Höfn.“ Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál

Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, í síma 480 8200.

Bæði konur og karlar eru hvött til þess að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfsemi SASS er að finna á heimasíðu samtakanna: www.sass.is



SAMTÖK SUNNLEUSKRA SVEITARFÉLAGA